



Umsókn um styrk

Umsækjandi:

Nafn: **Una Guðlaug Sveinsdóttir**
 Netfang: **una@hraunbuar.is**
 Styrkur: **Bæjarráðsstyrkur**

Kennitala: **0805853229**
 Sími: **8487585**

Forsvarsmaður:

Nafn: **Skátafélagið Hraunbúar**
 Netfang: **rekstur@hraunbuar.is**

Kennitala: **6401697029**
 Sími: **5650900**

Tilfni umsóknar, stutt lýsing:

Í ár tók skátafélagið Hraunbúar að sér að sjá um stóran skátaviðburð á landsvísu, en það er hið árlega skátaping þar sem fulltrúar allra skátafélaga á landinu koma saman og ræða stefnu skátastarfs á Íslandi auk þess sem haldinn er aðalfundur Bandalags íslenskra skáta (BÍS). Þingið verður haldið dagana 15.-16. mars 2013 í Viðistaðaskóla í Hafnarfirði. Þingið er undirbúið og framkvæmt í samvinnu við Bandalag íslenskra skáta, sem ber ábyrgð á allri dagskrá á meðan Hraunbúar sjá um aðstöðu, tæknimál, mat og umgjörð. Við viljum nýta þetta sem tækifæri til þess að kynna bæjarfélagið en jafnframt okkar starf og þá ríku skátasögu sem er til staðar í Hafnarfirði. Því höfum við skipulagt vinnukvöld í aðdraganda þingsins þar sem ætlunin er að setja fram bæði gamlar og nýjar minjar úr starfinu og gera þeim hátt undir höfði í skátaheimilinu okkar, þar sem gestir af landsbyggðinni munu gista. Auk þess viljum við hafa umgjörðina eins skátalega og við getum, til dæmis með því að byggja móttökuhlíð úr trönum að skátasið. Loks viljum við prenta skrifblökkir með merki skátafélagsins og Hafnarfjarðarbæjar sem handhægt kynningarefni sem mun jafnframt nýtast þingfulltrúum við þingstörf og höfum við fengið tilboð í prentun á þeim frá hafnfirskum prentsmiðjum. Einnig gerum við ráð fyrir merktum pennum sem kynningarefni.

Upplýsingar um styrk:

Styrkupphæð: **100.000 kr.**
 Kostnaðaráætlun: **Skrifblökkir: 66.000 kr., pennar: 25.000 kr, band til trönubygginga og tilfallandi kostnaður við uppsetningu og umgjörð: 9.000 kr.**
 Fylgir kostnaðaráætlun: **Nei**
 Áður sótt um: **Já**
 Var styrkur veittur: **Já**

Heiti verkefnis: **Skátaping 2013 - í Hafnarfirði**

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til:

Umfang verkefnis:

Á þingið er gert ráð fyrir 120-150 manns sem greiða aðgangseyri að upphæð 2.000 kr. Sú upphæð felur í sér þinggögn, þrjá kaffitíma, morgunmat og hádegismat á meðan á þinginu stendur og er því reynt að halda kostnaði í lágmarki. Undirbúningur og framkvæmd fer að mestu fram í sjálfbodavinnu, fyrir utan vinnu starfsmanna BÍS. Kostnaður vegna þess sem sótt er hér um yrði ekki styrktur af öðrum aðilum.

Tekjur/aðgangseyrir:

Aðrar upplýsingar:

Fylgiskjöl:

attachments

Mál:

Málsnúmer: **1303086**

Stofnað: **8.3.2013
10:03:41**